



## Vinnís stúdentaverðlaun



Vinnuvistfræðifélag Íslands ([www.vinnis.is](http://www.vinnis.is)) veitir verðlaun 1. maí n.k. til háskólanema fyrir verkefni sem hefur vinnuvistfræðilegt gildi og þykir skara fram úr öðrum á því sviði. Er þetta í fyrsta skipti sem verðlaunin eru veitt á Íslandi en sambærilegar viðurkenningar hafa verið veittar á Norðurlöndum á undanförunum árum.

Verðlaunin gefa vinningshafa tækifæri á að taka þátt í samkeppni um norræn stúdentaverðlaun er verða veitt á norrænu vinnuvistfræðiráðstefnunni, NES 2008 sem haldin verður í Reykjavík 11.–13. ágúst nk.. Sjá [www.nes2008.is](http://www.nes2008.is)

Nefnd skipuð einum fulltrúa háskólasamfélagsins, einum fulltrúa atvinnulífsins og einum fulltrúa stjórnar Vinnís velur vinningshafa úr röðum umsækjenda.

Fyrstu verðlaun eru peningaverðlaun, kr. 100.000 kr, en veittar verða viðurkenningar fyrir verkefni sem lenda í 2. og 3. sæti.

Ef vinningshafi uppfyllir viðmið sem stjórn norrænu vinnuvistfræðisamtakanna NES setja fyrir þátttöku í samkeppni um NES stúdentaverðlaunin, mun viðkomandi verða fulltrúi Vinnís í þeirri samkeppni, sækja NES ráðstefnuna í boði Vinnís og kynna verkefnið.

Umsókn með 400–800 orða útdrætti á íslensku eða ensku, skal senda inn fyrir 31. mars 2008 til formanns Vinnís, Berglindar Helgadóttur, ([bergvind.helgadottir@simnet.is](mailto:bergvind.helgadottir@simnet.is)) sem einnig veitir nánari upplýsingar um Vinnís stúdentaverðlaunin.

### Skilgreining á Vinnuvistfræði

Vinnuvistfræði er fræðigrein sem fjallar um það að skilja samspil manns og umhverfis. sem gefur strax til kynna hve víðtækt umfjöllunarefnið getur verið. Í vinnuvistfræði er leitast við að samþætta kenningar, þekkingu, reynslu og aðferðir margra fræðigreina með það að markmiði að stuðla að sem bestri líðan fólks og stöðugum endurbótum. Lögð er áhersla á að móta og meta störf, verkefni, vörur, umhverfi og aðferðir til aðlögunar að þörfum og getu fólks.

Orðin *ergon* (vinna) og *nomos* (lögmál) koma úr grísku og vísa til fræðigreinarinnar um vinnuna. Í vinnuvistfræði er nálgunin kerfisbundin og heildstæð þar sem tekið er tillit til líkamlegra, vitsmunalegra, félagslegra, skipulagslegra og annarra umhverfisþátta. Innan fræðigreinarinnar er sérhæfing sem stuðlar að dýpri þekkingu á líkamlegum, huglægum og skipulagsþáttum.

### Stjórn Vinnís

[www.vinnis.is](http://www.vinnis.is)